„Misrétti, sem sæmir ekki okkar lýðfrjálsa landi"



Hörpuljóð

„Held þó mínu striki," segir Eggert Guðmundsson listmálari, sem nú sýnir á Kjarvalsstöðum





Eggert Guðmundsson listmálari sýnir um þessar mundir um 100 málverk og teikningar í Kjarvalsstöðum, en sýningu hans þar lýkur n.k. sunnudag. Hefur sýningin verið fjölstótt og margar myndir selzt. Eggert hefur ekki haft eins stóra sýningu í 15 ár, en mestan hluta þeirra verka, sem á sýningunni eru, hefur hann gert á s.l. 5 árum.

„Þó eru hér verk allt frá fyrstu árum síðasta stríðs", sagði Eggert, þegar við gengum um sýningarsalinn með honum og röbbuðum við hann. „Hér eru til dæmis teikningar frá 1936," segir hann, og bendir á nokkrar andlitsteikningar, „og það er svolítið skemmtilegt í sambandi við þær, að þrjár þeirra eru fyrstu myndir listamanns, sem sýndar hafa verið í sjónvarpi í heiminum. Ég var þá í Bretlandi með stóra sýningu og sjónvarpið þar, sem var það fyrsta í heiminum, var þá aðeins mánaðargamalt. Þá náði geislinn 10 mílur út og þannig skipaðist að myndir frá mér voru fyrstu listaverkin, sem sýnd voru í sjónvarpinu. Þau voru sýnd í prufuútsendingu og þeir brezku völdu mynd af Bjarna gamla hringjara, Snæbirni í Hergilsey og sofandi stúlku."

Eggert hefur ávallt haldið sínu striki í list sinni hvað sem gagnrýnendur og aðrir, sem allt vita, hafa sagt um hann. Hann telur listamann ekki eiga samleið með einhverjum ismum vegna ismanna, því hann telur þá vera eltifiska listarinnar og oft hættulegar afætur. „Allar stefnur," sagði hann, „eru afleiðingar af sjálfstæðum verkum góðra listamanna, sem hafa verið sérstakir og stórbrotnir í sköpun verka sinna. Þeir smærri ætla sér að feta í fótspor meistaranna, en glata stundum um tíma eða alla framtíð eiginleikum sínum. Því miður verður ástríðufullum eltimönnum stefnanna það oft á að líta sjálfa sig sem fróðasta um allt, sem viðkemur listum, enda sækjast þeir oft eftir því að láta ljós sitt skína og veigra sér þá ekki við að fella dóm yfir sér betri listamönnum.

Sjálfstæður listamaður leggur og brýtur alla ísma undir mulningshamri sínum og skapar verk sitt í sinni eigin mynd, samanber fæðingu."

Eggert túlkar oft þjóðsögur í verkum sínum og eru þjóðlífsmyndir snar þáttur í verkum hans. Huldar vættir, draugar og önnur fyrirbæri koma oft fram í myndum hans, en landslagið, fólk og náttúrustemmningar eru þó ríkjandi tónn.

„Ég vinn mikið," sagði listamaðurinn, „er hraustur og fæ hreystina af vinnunni. Sá, sem vinnur vel, er í flestum tilvikum ávallt hraustur. Í gegn um andstöðuna hef ég mína stefnu og læt ekki trufla mig og í gegn um dulspekina hef ég oft svör við vandamálum, sem eiga eftir að koma upp. Oft í myndgerð minni, ferðast ég um minn eigin heim, með vættum og slíkum og ég hef alltaf haft einhvern lifandi dauðan í mínu húsi. Þessi fyrirbæri, sem koma fyrir í myndum mínum, eru margir vinir mínir."

Eggert hafði orð á því, að Listasafn Íslands hefði ekki keypt mynd af sér í 33 ár. „Það skal aldrei verða keypt verk af þér meðan ég má nokkru ráða," sagði Eggert að Selma Jónsdóttir hefði sagt við hann í eina tíð. Við spurðum hann því frekar um álit hans á innkaupum Listasafns Íslands. Hann svaraði:

„Það má ekki góðri lukku stýra, þegar lýðræðisríki lætur ýmsar klíkubundnar einræðisstefnur ráða lögum og lofum undir verndarvæng sínum. — Þannig er þó ástatt í listmálum þjóðarinnar í dag. Það ríkir algjört einræði í öllum innkaupum listaverka til Listasafns ríkisins. Það er framkvæmt undir eftirliti listaráðs, fulltrúa menntamálaráðherra ásamt safnstjóra Listasafnsins. Fólk þetta misnotar aðstöðu sína. Það er vítavert að það opinbera skuli ekki vera búið að taka í taumana. Misrétti það, sem mörgum listamönnum er boðið upp á, sem ekki eiga upp á pallborðið hjá þessu valdafólki, sæmir ekki okkar lýðfrjálsa landi."

„Hvað um bandalag íslenzkra listamanna?"

„Hvaða tilgang hefur bandalag íslenzkra listmanna, ef listamönnum er meinuð virk þátttaka í samtökunum. Eins og er, nær það ekki tilgangi sínum og ætti ekki að hafa rétt til þess að skreyta sig þessu nafni. Ég tel að bandalagið hefti frjálsa þróun íslenzkrar listar. Meiningin með bandalaginu ætti að vera samstarf allra félaga og frjálsra listamanna í landinu, en svo er það þó ekki. Það má fremur telja, að þröngsýnar klíkur misnoti þar rétt sinn og aðstöðu til þess að halda félögum og einstaklingum niðri, sér og sínum til framdráttar. Auðsætt er, að öll félög og ófélagsbundnir listamenn ættu að hafa sinn fulla rétt, til þess að vera fullgildir meðlimir. Okkur er sagt, að við lifum í landi, þar sem frjálst lýðræði ríki og eigi að ríkja."

Í lok rabbs okkar spurðum við listamanninn hvaða verk veittu honum mesta ánægju:

„Það er enginn vafi á því, að það eru verk þau, sem fæðast í mínum eigin hugarheimi, mjög í ætt við ljóðlist. Þar fær sköpunargleði mín að njóta sín óbundin öllum hömlum. Svo hefur athafnarlífið eignazt sterkan þátt í verkum mínum. Íslenzkt athafnarlíf er fullt af mótívum atvikum, sem eru bundin óbliðri náttúru og oft stórkostlegu umhverfi, eru myndræn mótív.

Landslag verður alltaf og hefur verið lífgjafi íslenzkra listamanna enda úr fögrum fyrirmyndum að velja, bæði ljóss og lita. Það hefur vafalaust borið uppi alla lífsafkomu íslenzkrar myndlistar til þessa."

Þegar við kvöddum listamanninn spurðum við hann hvort hann málaði á meðan sýningin stæði yfir. Hann sagðist ætla að hvíla sig í mánuð, „en síðan," sagði hann, „tek ég til óspilltra málanna í tjáningu minni."

— á.j.



Brimlending



Þvottalaugarnar